

## Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefna-sviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 19. október sl. Nefndin fékk á sinn fund Einar Gunnarsson, Pétur Ásgeirsson og Gunnlaugu Guðmunds-dóttur frá utanríkisráðuneyti.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildarrekrargjöld utanríkisráðuneytis árið 2010 nemi tæpum 11.633 m.kr. á rekstrargrunni, sem samsvarar um 7% lækkun frá fjárlögum 2009. Heildarhagræðing innan ráðuneytisins nemur um 1392 m.kr. og þar af er 71% af liðum sem snúa að þróunarmálum. Framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands lækka um rúm 16% frá fjárlögum 2009 samkvæmt frumvarpinu og framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi um rúm 24% frá fyrra ári. Meiri hluti nefndarinnar leggur engu að síður áherslu á að til frambúðar verði áfram unnið að því markmiði stjórnvalda að framlög til þróunarmála verði 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu og telur að freista eigi þess að draga úr lækkun framlaga til þessa þáttar eins og svigrúm kann að leyfa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 250 m.kr. fjárveitingu í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Gert er ráð fyrir að framlagið verði tímabundið í tvö ár og að mestu notað í óhjákvæmlegan ferðakostnað og kaup á utanaðkomandi sérfræðiþjónustu. Meiri hlutinn beinir þeim tilmælum til utanríkisráðuneytis að gæta ýtrustu hagkvæmni til að draga úr líkum á því að til viðbótarfjárveitinga þurfi að koma.

Nefndinni voru kynntar hugmyndir á vinnslustigi um flutning verkefna Varnarmálastofnunar til Landhelgisgæslunnar og Flugstoða. Meiri hlutinn tekur undir þau stefnumótandi áform sem í þeim felast og hugmyndina um að Varnarmálastofnun verði lögð niður í núverandi mynd með þeim sparnaði og hagræðingu sem því getur fylgt.

Loks leggur meiri hlutinn áherslu á að kannað verði til þrautar hvort ásættanlegur hagnaður geti náðst, með langtímahagsmuni að leiðarljósi, við sölu fasteigna í eigu ríkisins sem notaðar eru fyrir sendiskrifstofur Íslands erlendis. Jafnframt vekur meiri hlutinn máls á því hvort ástæða sé til að fækka sendiráðum Íslands erlendis umfram það sem orðið er og efla frekar starfsemi í þeim löndum sem eftir verða eða auka samstarf við önnur Norðurlandaráki um rekstur sendiskrifstofa þar sem slíkt getur reynst hagkvæmt.

Alþingi, 11. nóvember 2009.

Árni Þór Sigurðsson, form.,  
Valgerður Bjarnadóttir, varaform.,  
Þórunn Sveinbjarnardóttir,  
Birgitta Jónsdóttir,  
Ögmundur Jónasson.